

4 Söluverð jarða þessara og landspildu, sem hér um ræðir, skal ákveðið með mati
27. jan. dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 27. janúar 1951.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. gr. laganna orðist þannig:

Brot gegn 1. gr. varða sektum, 1000—2000 kr., ef um er að ræða skip allt að 200 rúmlestir brúttó að stærð, en 10000—20000 kr., ef skipið er yfir 200 rúmlestir brúttó. Skulu þá og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs, upptæk.

Brot gegn 2. gr. varða sektum 200—1000 kr., ef um er að ræða skip allt að 200 rúmlestir brúttó að stærð, en 2000—10000 kr., ef skipið er yfir 200 rúmlestir brúttó. Um upptekt afla og veiðarfæra fer sem um brot gegn 1. gr., ef um ítrekað brot er að ræða.

Nú er það ljóst af öllum atvikum, að skipið hefur hvorki verið að veiðum í landhelgi, né undirbúningur gerður í því skyni, og má þá lúka málinu með áminningu, þegar um fyrsta brot er að ræða, en ef um ítrekað brot er að ræða, með sektum, 200—1600 kr.

Allar sektir samkvæmt grein þessari eru miðaðar við gullkrónur, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924.

Leggja má löghald á skipið og selja það, að undangengnu fjárnámi, til lúkningar sektum samkvæmt þessari grein og kostnaði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 29. janúar 1951.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.